

Reykjavík 19.nóvember 2013

Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 6400  
Fax 540 6401  
hjukrun@hjukrun.is  
www.hjukrun.is

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/259**  
**komudagur 19.11.2013**

Nefndasvið Alþingis

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala - 10. mál**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala og lýsir ánægju sinni og stuðningi við hana.

Allt frá árinu 2008 hefur Fíh talið nauðsyn á að bæta húsakost Landspítala og sameina starfsemi spítalans á einn stað. Að mati Fíh mun slík sameining án efa leiða til aukinna gæða þjónustunnar og meiri hagkvæmni í rekstri.

Aðalfundir Fíh árin 2008 og 2009 ályktuðu um mikilvægi byggingu nýs Landspítala og í september 2011 ítrekar formaður Fíh stefnu félagsins varðandi byggingu nýs Landspítala.

Fíh telur að til að geta skapað gott sjúkrahús þarf að vera fyrir hendi góð og örugg þjónusta við sjúklinga sem veitt er af vel menntuðu og hæfu starfsfólki, öruggur og góður tækjabúnaður til að nota við sjúkdómsgreiningar og meðferð sjúklinga og síðast en ekki síst húsnæði sem tryggir öryggi sjúklinga og starfsmanna og uppfyllir nútímakröfur sem gerðar eru til sjúkrahúsbygginga.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,



Ólafur G. Skúlason, formaður